



# Menntaskóli í tónlist

## Launastefna MÍT

Launastefna Menntaskóla í tónlist hefur það að markmiði að búa starfsfólki sínu góð launakjör og starfsaðstöðu. Skólinn greiðir laun samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags, í samræmi við þær kröfur sem starfið gerir um hæfni, ábyrgð og álag. Forsendur launaákvæðana skulu ætíð byggðar á kjarasamningum, vera rökstuddar og tryggja að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg störf. Skólameistari MÍT ber ábyrgð á launastefnunni, að henni sé framfylgt og að starfsfólki skólans sé kunnugt um hana. Jafnlaunastefna MÍT er órjúfanlegur hluti af launastefnunni.

## Jafnlaunastefna MÍT

Menntaskóli í tónlist hefur sett sér jafnréttis og launastefnu sem miðar að því að starfsfólk óháð kyni njóti sömu launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Jafnlaunastefnan er unnin í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og önnur lög sem taka til jafnréttis á vinnumarkaði. Markmið stefnunnar er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna hjá skólanum. Jafnlaunastefnan tekur til allra starfsmanna Menntaskóla í tónlist. Í Menntaskóla í tónlist eru greidd laun eftir umfangi og eðli starfa og tekið mið af þeim kröfum sem störf gera um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga og launastefnu skólans, studdar með rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Til þess að framfylgja jafnlaunastefnunni mun skólinn:

- Fylgja viðeigandi lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem í gildi eru hverju sinni og snúa að þeirri meginreglu að starfsmönnum skulu greidd sömu laun óháð kyni fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST:2012, í samræmi við ákvæði laga nr. 15/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
- Skapa umgjörð til að setja fram og rýna jafnlaunamarkmið með því að skjalfesta jafnlaunakerfið, viðhalda því og tryggja stöðugar umbætur, eftirlit og viðbrögð.
- Framkvæma launagreiningu einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf til þess að kanna hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Vinna eftir verklagsreglu 4.5.3 sem fjallar m.a. um viðbrögð við óútskýrðum launamun.
- Framkvæma innri úttekt á jafnlaunakerfinu.
- Láta fara fram árlega rýni æðstu stjórnenda á hlítingu við lög og reglur um jafnlaunakerfi.
- Kynna stefnuna fyrir starfsmönnum skólans. Stefnan skal einnig vera aðgengileg almenningi á heimasíðu skólans.